

Núgildandi lög frá 7/9/16

Lög Sjálfsvagnar, Reykjalundardeildar SÍBS

1.gr.

Nafn: Sjálfsvörn, Reykjalundardeild SÍBS

Aðild: Deildin er aðili að Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS)

2.gr

Tilgangur deildarinnar er að vinna að stefnumálum í samræmi við lög SÍBS og stuðla að góðum aðbúnaði þeirra sem njóta endurhæfingarmeðferðar á Reykjalundi.

Einnig að eiga samstarf við aðrar deildir og félög um markmið SÍBS

3.gr.

Halda skal almenna félagsfundi þar sem ræða skal stefnumál og það sem er á döfinni hverju sinni.

Einnig skoða hug þeirra sem eru í endurhæfingu m.t.t. tilgangs deildarinnar.

Almenna fundi skal boða með a.m.k. 3ja daga fyrirvara.

Almennir fundir eru ályktunarhæfir og ræður afl atkvæða.

Skylt er stjórn að boða almennan fund ef minnst 20 félagar óska þess bréflega.

4.gr.

Félagar geta allir orðið sem styðja vilja Sjálfsvörn, Reykjalundardeild SÍBS.

Kjörgengir til þinga SÍBS eru þeir félagar sem uppfylla skilyrði í lögum SÍBS

5. gr.

Starfstímabil deildarinnar er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn leggja fram ársskýrslu liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur aðalfundar.

6. gr.

Aðalfund skal halda að vori ár hvert og skal hann boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Framlagning endurskoðaðra reikninga til umræðu og samþykktar og skulu þeir miðaðir við almanaksár.
4. Lagabreytingar. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn a.m.k. viku fyrir aðalfund. Kynnt skal í fundarboði aðalfundar ef lagabreytingatillögur verða á dagskrá og að nánari upplýsingar þar um fáist hjá stjórn deildarinnar.

5. Ákvörðun félagsgjalda.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

7.gr.

Stjórn deildarinnar skal skipuð fimm félagsmönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum og fer með málefni deildarinnar milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi.


9. gr.

Deildin hefur tekjur af sölu happdrættismiða SÍBS á Reykjalundi. Tekjum deildarinnar skal varið í samræmi við tilgang hennar.

10.gr.

Komi fram tillaga á aðalfundi um að deildin verði lögð niður skal málið tekið til afgreiðslu á löglega boðuðum aðalfundi næsta árs. Slit skulu samþykkt með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Verði deildin lögð niður ráðstafar stjórn SÍBS eignum hennar.


Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi þann 7. September 2016




Sigurlaug Brynja Arngrímsdóttir, formaður




Guðbjörg Pétursdóttir, gjaldkeri



Rósa María Guðmundsdóttir, ritari



Arnbjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi



Bára Sigurðardóttir, meðstjórnandi.